



## Fundargerð 6. fundar stjórnar SSA haldinn 12. febrúar 2021

### Fundurinn var haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir og Sigríður Bragadóttir. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

*Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.*

#### 1. Fundur með oddvitum flokkana í Múlaþingi

*Formaður bauð oddvita flokkana í Múlaþingi velkomna ásamt sveitastjóra. Til fundarins komu í viðbót við Hildi Þórisdóttir og Gauta Jóhannesson sem sitja í stjórn; Björn Ingimarsson, Stefán Bogi Sveinsson og Þröstur Jónsson en Jódís Skúladóttir boðaði forföll.*

*Ýmis málefni rædd s.s. verkefni í tengslum við sameiningu sveitarfélaga, samgöngumál, náttúruhamfarirnar á Seyðisfirði og fleira. Góðar umræður um viðfangsefni, stöðuna í dag og tækifærin framundan.*

*Formaður þakkaði gestum fundarins fyrir komuna.*

#### 2. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 2.1 Fundargerð frá 4 og 5. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – Fundargerðirnar voru lagðar fram til samþykktar og verða undirritaðar rafrænt.
- 2.2 Fundargerð Byggðamálaráðs (12,13) – Fundargerðin var lögð fram til kynningar
- 2.3 Fundargerðir stjórnar SSH (518,519), SSV(158), SSNV(62,63), Vestfjarðastofa (32), SSNE (Aukáþing, 20,21), SASS (565,566), SSS (764,765) – Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar
- 2.4 Fundargerð Sambandsins (891) – Fundargerðin var lögð fram til kynningar
- 2.5 Fundargerð Stýrihóps (65,66) – Fundargerðin var lögð fram til kynningar
- 2.6 Svæðisskipulagsnefnd (1,2,3) – Fundargerðin var lögð fram til kynningar

*Gauti Jóhannesson vék af fundi og Stefán Bogi Sveinsson varamaður kom inn í hans stað.*

#### 3. Innra starf SSA

##### 3.1 Sóknaaráætlanir

- Áhersluverkefni, næstu skref. Framkvæmdastjóri kallaði eftir hugmyndum frá stjórn við að móta áfram hugmyndir að áhersluverkefnum 2021. Framkvæmdstjóra falið að vinna á málið áfram á grundvelli umræðna á fundinum.

### 3.2 Almenningsamgöngur

- Dómsmál. Framkvæmdastjóri fór yfir að frávísun á Sterna málinu hefði verið staðfest í Landsrétti.
- Leið 56. Framkvæmdastjóri sagði frá því að bréf hefði verið sent til Vegagerðarinnar til að mótmæla snúningi á leið 56 Egilsstaðir - Akureyri. Ef ekkert svar berst er framkvæmdastjóra falið að kalla eftir fundi með forstjóra Vegagerðarinnar.

### 3.3 Samningur við ANR

- Áfangastaðastofa. Framkvæmdastjóri kynnti drög að samningi við atvinnu og nýsköpunarráðuneytið um Áfangastaðastofu. Samningurinn var samþykktur af stjórn. Umræður um verkaskiptingu í markaðsmálum á milli Austurbrúar og sveitarfélaganna í samhengi við mótun Áfangastaðastofu. Framkvæmdastjóra falið að skoða þessi mál betur með sveitarfélögunum.

## 4. Önnur mál

### 4.1 Þjóðgarðsmál

- Stjórn fór yfir mikilvægi þess að tryggja atvinnuuppbyggingu á svæðinu og tengda Vatnajökulsþjóðgarði. Framkvæmdastjóra falið að bjóða formanni og framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs til fundar við stjórn við fyrsta tækifæri.

Ekki fleiri mál og fundi slitið kl 17:20